

66

19. desbr.

AUGLÝSING

um

samning um póstsambandið milli Íslands og Danmerkur ásamt starfsreglugjörð við þann samning.

Póststjórnirnar á Íslandi og í Danmörku hafa að fengnu umboði komið sjer saman um eftirfarandi samning og starfsreglugjörð:

SAMNINGUR

um

póstsambandið milli Íslands og Danmerkur.

Póststjórnirnar á Íslandi og í Danmörku hafa, að fengnu umboði, komið sjer saman um eftirfarandi sjerstök ákvæði um póstsambandið milli Íslands og Danmerkur.

I. Póstflutningurinn.

1. gr.

1. Hvor póststjórnin um sig annast og kostar flutning á pósti frá sjer til hins landsins. Með sjerstökum samningi milli póststjórnanna má þó setja önnur ákvæði um þetta atriði.

Flutning póstsins milli lendarastaðar og pósthúss annast og kostar póststjórn ákvörðunarlandsins.

2. Póstsendingar, sem finnast í brjefakassa frá öðru landinu til hins, án þess þau hafi verið tekin til póstmeðferðar, skulu auðkend af póststjórninni, sem tekur við þeim, með sjerstökum stimpli eða áritun, er segi til um upprunalandið.

Þesskonar póstsendingar má frímerkja jöfnum höndum með frímerkjum beggja landa.

II. Milliríkja brjefapóstsendingar.

2. gr.

Brjef, brjefspjöld og sumar krossbandssendingar; meðmælingargjald.

1. Burðargjald undir brjef frá öðru landinu til hins er sem hjer segir:

Á Íslandi. Í Danmörku. 66

Undir brjef, er vega 20 g. eða minna	20 aurar	15 aurar	19. desbr.
— — — — yfir 20 g. að 125 g.	40 —	30 —	
— — — — yfir 125 g. að 250 g.	60 —	45 —	

Brjef, sem eru yfir 250 gr., en þó ekki yfir 2 kg. (hámarksþyngd alþjóðapóstsamningsins), skal borga undir að öllu leyti sem alþjóðapóstsendingar.

2. Burðargjald undir einfalt brjefspjald er á Íslandi 15 aurar, í Danmörku 10 aurar, og undir brjefspjald með fyrir fram greiddu svari 30 og 20 aurar með rjettri tilvísun.

3. Lágmarksburðargjald undir sendingu með verslunarskjöllum, er burðargjald það, sem í þessari grein er ákveðið undir alment brjef, sem ekki er yfir 20 g. að þyngd.

4. Undir ófrímerkt eða vanfrímerkt brjef, alt að 250 g., og brjefspjöld, sem og aðrar vanfrímerktar brjefapóstsendingar, skal burðargjald það, er á vantar, tekið tvöfalt af viðtakanda á þann hátt, er pósthjórnrnar koma sjer saman um.

5. Meðmælingargjaldið er 30 aurar á Íslandi og 25 aurar í Danmörku.

6. Hvoru landi um sig er heimilt að taka alþjóðaburðargjald sitt undir brjef og brjefspjöld, ef flutningur á þeim fer yfir land, sem þau nota alþjóðataxta við á brjefapóstsendingum.

3. gr.

Brjef með tilgreindu verði.

Undir brjef með tilgreindu verði, er send eru frá öðru landinu til hins, skal auk brjefburðargjalds og meðmælingargjalds, samkv. 2. gr. 1. og 5., greiða ábyrgðargjald, er nemur 30 aurum fyrir hverjar 300 kr. eða minna.

4. gr.

Póstávísanir.

Í viðskiftum milli landanna er hámarksupphæð sú, er senda má í póstávísun, 1000 krónur í mynt þess landsins, sem hefir hærra gengi.

Burðargjaldið reiknast af hinni innborguðu upphæð í mynt sendilandsins og er hið sama og fyrir póstávísun innanlands með sömu upphæð.

Af burðargjaldinu greiðir sendilandið ákvörðunarlandinu 15 aura í mynt þess landsins, sem hefir lægra gengi, fyrir hverja burðargjaldsskylda póstávísun, án tillits til ávísunarupphæðarinnar.

5. gr.

Póstkröfur á brjefasendingum.

Hæsta póstkröfuupphæð, sem lögð verður á ábyrgðarsendingu eða brjef með tilgreindu verði í sambandinu milli Íslands og Danmerkur, er jöfn hámarksupphæð póstávísana á milli landanna.

Póstkröfugjaldið er hið sama og fyrir póstkröfu innanlands.

Af póstkröfugjaldinu greiðir sendilandið ákvörðunarlandinu 20 aura í mynt þess landsins, sem hefir lægra gengi, fyrir hverja innheimta póstkröfu, án tillits til póstkröfuupphæðarinnar.

6. gr.

Áskrift á blöðum og tímaritum.

1. Blöð og tímarit, sem gefin eru út í öðru hvoru landinu, skal vera hægt að selja áskrifendum í hinu landinu.

Áskriftargjaldið skal vera:

a. fyrir dönsk blöð:

borgun sú, sem áskrifendur blaða í Danmörku greiða, að viðbættu sjóburðargjaldi, meðaltali af íslensku innanríkis blaðaburðargjaldi og umboðsgjaldi alt að 50 aurum íslenskum fyrir hvert áskriftartímabil.

b. fyrir íslensk blöð:

innkaupsverðið að viðbættu meðaltali af íslensku innanríkis blaðaburðargjaldi, umboðsgjaldi alt að 50 aurum íslenskum fyrir hvert áskriftartímabil og ennfremur sjóburðargjaldi og dönsku blaðaburðargjaldi.

2. Áskriftir á íslenskum eða dönskum blöðum og tímaritum fyrir milligöngu póststjórnar annarshvors landsins, má flytja úr einum stað í öðru landinu í annan stað í hinu, gegn 50 aura gjaldi fyrir hvern flutning, og skal upphæð sú innheimt í því landinu, sem flutt er til, enda fellur hún í þess hlut. Um flutning úr einum stað í annan innan póstumdæmis annarshvors landsins, gilda innanríkisákvæði þess lands er í hlut á.

III. Milliríkja bögglaþóstsendingar.

7. gr.

Þyngdarmörk, burðargjald o. fl.

1. Milli Íslands og Danmerkur má, með beinum skipaferðum, senda böggla að þyngdarmarki, sem póststjórnirnar ákveða nánar.

Burðargjaldið undir slíka böggla skal ætíð greiðast við afhendingu á pósti, og er það þannig:

fyrir böggla, sem ekki eru yfir 1 kg. að þyngd	155 cts.
— — — eru yfir 1 kg. en ekki yfir 3 kg.	235 —
— — — — — 3 — — — — 5 —	260 —
— — — — — 5 — — — — 10 —	470 —

Undir böggla, er sendast eiga annað en á viðkomustaði póstskipanna, hefir póststjórnin íslenska rjett til að heimta af viðtakendum viðbótargjald, hið svo nefnda landburðargjald.

2. Undir böggla með tilgreindu verði greiðist, auk burðargjaldsins, ábyrgðargjald sama og undir brjef með tilgreindu verði og afgreiðslugjald, sem er 30 aurar á Íslandi og 25 aurar í Danmörku.

Ábyrgðargjaldið fellur óskift til sendilandsins.

3. Burðargjaldið skiftist þannig við flutning í stykkjatali:

Burðargjald eftir þyngd	Með beinum skipaferðum.			
	Burðargjald alls	Ísland	Sjóflutningur	Danmörk
	Cts	Cts	Cts	Cts
fyrir böggla allt að 1 kg.	155	50	80	25
yfir 1 kg. allt að 3 —	235	75	120	40
— 3 — — — 5 —	260	90	120	50
— 5 — — — 10 —	470	150	220	100

8. gr.

Póstkröfur á bögglum.

Ákvæðin um hámark póstkröfuupphæðar og um póstkröfugjaldið, sem nefnd eru í 5. grein, gilda einnig um póstkröfur á bögglum.

IV. Ýmisleg ákvæði.

9. gr.

Reikningsskil.

Reikningsskil milli landanna, um innieign þeirra hvors hjá öðru, fara fram á þann hátt, er póststjórnirnar verða ásáttar um.

10. gr.

Ábyrgð.

1. Auk skaðabóta þeirra, sem eftir venjulegum alþjóðareglum eru greiddar fyrir glatað ábyrgðarbrjef hefir sendandi ábyrgðarbrjefs, sem hefir verið innsiglað samkvæmt gildandi fyrirmælum um verðbrjef, ennfremur rjett til, þegar innihald brjefsins er horfið að nokkru eða öllu leyti eða hefir orðið fyrir skemdum á annan hátt, meðan það var í vörslum póststjórnarinnar, að fá greiddar skaðabætur, er svari hinu raunverulega tjóni, er hlotist hefir af áverkanum eða skemdunum, nema því aðeins, að yfirsjón eða skeytingarleysi sendanda sje um að kenna eða ásigkomulagi sendingarinnar. Bæturnar mega þó aldrei nema meiru en því, er sendanda ber, ef sendingin týnist með öllu.

2. Þó að ábyrgðarbrjef eða verðbrjef eða böggull glatist eða skemmist vegna atvika, er stafa af ofurefli (vis major), þá losar það ekki hlutaðeigandi póststjórn við skaðabótaskyldu, að því er snertir milli-ríkjasendingar í beinu sambandi.

11. gr.

Mynttegund.

Gjöld þau og upphæðir, sem í samningi þessum og starfsreglugjörð hans, eru nefnd í krónumynt, ber að skilja, að átt sje við mynt sendilandsins, ef annað er ekki skýrt tekið fram.

Gjöld þau, sem í samningi þessum eru ákveðin í sentímum, ber að skilja, að átt sje við hluta af gullfrankanum eins og hann er skilgreindur í hinum ýmsu alþjóðapóstsamningum og starfsreglugerðum þeirra. Útreikningur í mynt hvors landsins um sig á þessum burðargjöldum og greiðslum fer eftir jafngildi því, sem hlutaðeigandi land notar á hverjum tíma í alþjóðaskiftum á samskonar póstsendingum, þannig að póststjórnirnar geta komið sjer saman um lítilsháttar breytingu upp eða niður á við, eftir ástæðum.

12. gr.

Starfsreglugjörð.

Póststjórnirnar hafa heimild til í sjerstakri starfsreglugjörð eða með skriflegu samkomulagi, að setja nánari ákvarðanir, er nauðsynlegar kynnu að þykja til framkvæmdar samningi þessum, og til að greiða fyrir póstviðskiftunum.

13. gr.

66

19. desbr.

Hvernig nota skuli alþjóðaákvæðin.

Beri svo við um einhver atriði, að engin ákvæði um þau sje fyrir hendi, hvorki hjer að framan nje í ofangreindri starfsreglugjörð eða að um þau hafi ekki orðið skriflegt samkomulag, skal þá farið eftir alþjóðapóstsamningnum og aukasamningunum og starfsreglugjörðum þeirra.

14. gr.

Gildi samningsins.

Samningur þessi öðlast gildi 1. janúar 1928; samtímis eru afnumin núgildandi ákvæði.

Samningur þessi gildir um óákveðinn tíma. Hvor samningsaðili getur sagt honum upp fyrir sitt leyti með árs fyrirvara.

Saminn í tveim eintökum og undirskrifaður

í Reykjavík 30. nóvember 1927 og í Kaupmannahöfn 19. nóvember 1927.

*S. Briem.**C. Mondrup.*

66
19. desbr.

STARFSREGLUGJÖRÐ

við

samning um póstsambandið milli Íslands og Danmerkur.

Póststjórnirnar á Íslandi og í Danmörku eru orðnar ásáttar um að í póstviðskiftunum milli Íslands og Danmerkur skuli gilda eftirfarandi sjerstök reglugjörðar-ákvæði:

1. gr.

Góðgerðamerki.

Svo nefnd góðgerðamerki má láta á póstsendingar eftir því sem innanríkisákvæði sendilandsins mæla fyrir.

2. gr.

Brjefa- og verðpóstskrár.

Í póstviðskiftunum milli Íslands og Danmerkur skal nota brjefa- og verðpóstskrár af sjerstakri gerð, sem póststjórnirnar verða ásáttar um. Póststjórnirnar ráða því, hvort þær hafa skrárnar á sinni eigin tungu eða frakknesku.

3. gr.

Gjöld fyrir móttökukvittanir og fyrirspurnir.

Gjald fyrir móttökukvittun fyrir ábyrgðarsendingu, verðbrjefi, böggli eða póstávisun er jafnt burðargjaldi því, sem í samningnum er ákveðið undir brjef í lægsta þyngdarflokki, enda sje beðið um móttökukvittunina samtímis og sendingin er látin á póst. Þetta gjald tvöfalt greiðist fyrir móttökukvittun, sem beðið er um eftir á, sem og undir fyrirspurnir um slíkar sendingar eða almennar brjefapóstsendingar.

4. gr.

Hraðboðasendingar.

Hraðboðasendingar eru teknar til flutnings til þeirra pósthúsa í báðum löndunum, sem taka þátt í slíkum viðskiftum innanríkis.

Hraðboðagjaldið fyrir aðrar sendingar en böggla er 50 aurar á Íslandi og 40 aurar í Danmörku.

5. gr.

66

19. desbr.

Ummál og hámarksþyngd böggla; íslenskt landburðargjald.

1. Með hinum beinu gufuskipaferðum milli landanna verða ekki fluttir stærri bögglar ummáls en 125 sm. á lengsta veg og 55 dm³ að rúmmáli. Rúmfrekum bögglum verður ekki viðtaka veitt.

2. Bögglar til og frá pósthúsum á viðkomustöðum póstskipanna á Íslandi, mega vega alt að 10 kg. en bögglar, sem flytjast eiga áfram með íslenskum landpóstum, mega aðeins vega alt að 2,5 kg. og ekki vera yfir 46 sentimetra á lengd nje 23 sentimetra á breidd eða þykt.

3. Landburðargjald það, er íslenska póststjórnin heimtar undir böggla, sem óskað er að sendir sjeu með landpóstum á Íslandi, er ákveðið 40 aurar fyrir hvert ½ kg. eða minna af þyngd böggulsins á tímabilinu frá 15. apríl til 14. október og 40 aur. fyrir hver 125 g. eða minna frá 15. október til 14. apríl.

6. gr.

Afgreiðsla á bögglapósti.

1. Milliríkja bögglar og aðrir bögglar, sem afhentir eru í stykkjatali til áframsendingar, skulu færðir á skrá.

2. Sjerhver aðkomin bögglapóstskrá skal af ákvörðunarpósthúsinu færð á sjerstaka yfirlitsskrá.

3. Eyðublöð undir bögglapóst- og yfirlitsskrár þær, sem nefndar eru í þessari grein, ákveða póststjórnirnar nánar.

7. gr.

Afhending póstflutnings.

Afhending verðpóstpoka og bögglapóstpoka fer fram gegn gildri kvittun frá viðtakanda til þess, sem afhendir.

8. gr.

Blöð og tímarit.

1. Viðskiftapósthús fyrir áskrift og umhirðing á blöðum og tímaritum skulu ákveðin brjeflega af póststjórnunum.

2. Á Íslandi skulu dönsk blöð og tímarit aðeins send með skipum á viðkomustaðina og þau afhent þar.

3. Sjerhvert viðskiftapósthús í öðru landinu skal í síðasta lagi þann 20. dag í öðrum mánuði ársfjórðungsins útbúa og senda öllum viðskiftapósthúsum í hinu landinu, sem það hefir fengið áskriftarpant-

66 anir frá, reikning yfir eintök þau, sem send hafa verið samkvæmt þess-
19. desbr. um pöntunum. Ef þörf krefur má útbúa viðbótarreikning þann 20. dag í þriðja mánuði ársfjórðungsins. Allar pantanir, sem koma eftir þennan tíma í þessum mánuði, skulu færðar á næsta ársfjórðungs reikning.

4. Reikningarnir skulu gerðir í tveim eintökum, og skal annað endursendast viðskiftapósthúsinu, sem bjó þá til, eins fljótt og auðið er, með áritaðri viðurkenningu um að hann sje rjettur, eða öðrum athuga-semdum, sem ástæða kann að vera fyrir.

Danska viðskiftapósthúsið sendir reikningana ársfjórðungslega til dönsku póst- og símastjórnarinnar, sem lætur taka þá með í aðal-reikning þann, sem getur um í 9. gr.

5. Við flutning á áskriftum skal þess gætt, er hjer segir:

Beiðni um áskriftarflutning skal gilda frá ákveðnum degi um ótiltekinn tíma, og er því aðeins tekin til greina, að beðið sje um flutning á áskrift blaðsins eða tímaritsins á einn tiltekinn stað, en ekki sam-timis á marga staði, hvern á eftir öðrum.

Pósthúsið á ákvörðunarstaðnum fram að þessu, sendir beiðnina áleiðis til hlutaðeigandi viðskiftapósthúss innanlands, en það sendir hana aftur eins fljótt og auðið er til útgáfu- og viðskiftapósthúss landsins, sem áskriftin flyst í.

9. gr.

Reikningsskil.

Aðalreikningarnir milli beggja póststjórnanna skulu gerðir árs-fjórðungslega af dönsku póststjórninni og sendir íslensku póststjórninni.

Reikningsmunurinn greiðist strax eftir sendingu eða við mót-töku reikningsins. Villur, sem fyrir kunna að koma, leiðrjettast í næsta aðalreikningi.

Samin í tveim eintökum og undirskrifuð

í Reykjavík 30. nóvember 1927 og í Kaupmannahöfn 19. nóvember 1927.

S. Briem.

C. Mondrup.

Þetta er hjermeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 19. desember 1927.

Tryggvi Þórhallsson.